



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2020 – 2021

Grandaborg



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd - Virðing.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	5
2.1 Greinargerð Klettavíkur	5
2.1.1 Umbótaáætlun Klettavíkur 2020 – 2021	6
2.2 Greinargerð Bergvíkur (Skelja- Ölduvík)	8
2.2.1 Umbótaáætlun Bergvíkur 2020 – 2021	8
2.3 Greinargerð Fjöruvíkur	10
2.3.1 Umbótaáætlun Fjöruvíkur 2020 – 2021	11
2.4 Greinargerð um sérkennslu / stuðning.....	13
2.4.1 Umbótaáætlun sérkennslu / stuðnings 2020 - 2021	15
2.5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	16
2.5.1 Umbótaáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku 2020 – 2021	17
3 Ytra mat	18
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
6 Foreldrasamvinna	19
7 Skipulagsdagar, leikskóladagatal, viðburðir	20
Fylgigögn.....	21
8.1 Umsögn foreldraráðs.....	21
8.2 Starfsmannakönnun	21
8.3 Foreldrakönnun	21
8.4 Yfirlit endurmenntunar og fræðslu	21
8.5 Leikskóladagatal	21
8.6 Viðburðadagatal	21



Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd - Virðing

1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta skólaár gekk að mestu leyti vel. Ýmsir ytri þættir ollu því að ekki var hægt að fylgja eftir fyrri starfsáætlun en markmið skólaársins var, eins og öll önnur skólaár, að búa börnum gott og öruggt umhverfi sem einkennist af metnaði og áhuga starfsmanna sem í leikskólanum starfa.

Þó nokkuð var um breytingar í starfsmannahaldi sem ýmsar ástæður voru fyrir til að mynda, taka fæðingarorlofs, langtíma veikindi og flutningar. Mest var breytingin á Fjöruvík sem kom sér ekki vel þar sem aðlögun er í gangi í öllum leikskólanum en viðkvæmust á þeirri deild. Ekki var búið að ráða í allar stöður í upphafi skólaárs en það gekk eftir þegar leið á haustið. Menntun og reynsla þeirra sem voru ráðnir var mismunandi og var vinna við aðlögun þeirra mikið álag á starfsmannahópinn sem fyrir var. En þegar leið á veturinn þá slípaðist hópurinn til en eins og fyrr segir þá er það álag sem fylgir því að fá inn mikið af nýju fólki til starfa.

Vinna að nýrri menntastefnu hófst strax um haustið þegar samvinna þriggja leikskóla hófst að innleiðingu félagsfærni og sjálfsefningu í leikskólastarfi. Það voru, auk Grandaborgar, Gullborg og Ægisborg. Ástæða þess að þessir skólar ákváðu að fara í samvinnu var góð reynsla af sameiginlegri vinnu ásamt Grandaskóla og einnig vegna þess að það var mikill áhugi á þessum tveim þáttum nýrrar menntastefnu. Samvinna var fengin við KVAN, sem er stafshópur sem stendur fyrir vinnu að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að fræðslu, þjálfun og menntun til að mynda fyrir fagaðila. Fulltrúar frá KVAN komu til okkar í þrjú skipti auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur fyrir foreldra leikskólanna þriggja. Mikil ánægja var með innlögn KVAN og fengum við í hendur ýmiss konar verkfæri til að takast á við eflingu félagsfærni og sjálfstyrkingar bæði hjá börnum en einnig kennurum.

Við höldum áfram að styrkja okkur í heilsustefnu og samvinnu við Heilsuleikskóla. Heilsubók barnsins var tekin fastari tökum fram eftir vetri en eins og fyrr segir voru ytri þættir í samfélaginu og heiminum sem höfðu þau áhrif að við urðum að fresta skráningu í bókina eftir áramót. Við komum til með að halda ótrauð áfram á næsta skólaári með skráningar í bókina sem gæti orðið rafrænt ef öll skilyrði Persónuverndar ganga eftir.

Mikill metnaður er hjá stjórnendum Grandaborgar að efla meðal barna góðan orðaforða og tala vandað mál. Málörvun er þáttur sem er í sífelldri endurskoðun og er markmið næsta skólaárs ekki síður en þeirra sem eftir koma að halda þeim starfsháttum áfram. Á skipulagsdegi í ágúst 2019 var haldinn í Reykjanesbæ þar sem leikskólinn Tjarnarsel var heimsóttur en hann er fremstur meðal jafningja í vinnu með „Orðaspjallsaðferðina“. Sú aðferð einkennist af markvissri eflingu orðaforða í gegnum bókarlestur. Við höfum reynslu af þessari aðferð en vildum dýpka okkur í henni og þess vegna fengum við kynningu frá fyrstu hendi. Sara Tosti kynnti *Orðagull* sem er verkfæri sem eflir orðaforða, málskilning, hlustun og vinnsluminni og frásagnarhæfni meðal barna. Einnig kynnti hún *Tölum saman*, en það er málörvunarverkfæri fyrir börn með málþroska frávik og börn með annað móðurmál en íslensku. Bæði þessi verkfæri koma sér vel í fjölbreyttu umhverfi Grandaborgar sem leikskóli án aðgreiningar auk þess sem um einn fjórði barna er tvítyngt.

Á síðasta skólaári var sótt um styrk í gegnum Erasmus+. Sótt var um styrk til að kennarar gætu farið á námskeið til Ítalíu, vorið 2020. Tilgangurinn var að auka við þekkingu á kennslu með ungum börnum í anda Mariu Montessori og Reggio Emilia. Við fengum úthlutað um tæpri 1.000.000 kr. og ætluðu þrír kennarar að fara. Ekkert varð af þeirri ferð en við höldum áfram að reyna að nýta okkur styrki til að efla kennarahópinn. Við höfum fengið úthlutað öðrum styrk, í gegnum Erasmus+ sem við ætlum að nýta okkur á næsta skólaári og reyna að komast til Ítalíu í samskonar verkefni.

Á komandi skólaári verður haldið áfram að vinna með þætti úr nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Áherslan verður sem fyrr á félagsfærni og sjálfsefningu en samhliða því verða teknir fyrir þættir sem eftir eru, læsi, sköpun og heilbrigði. Ákveðið var að bæta þeim við inn í starfsemi skólaársins



vegna þess að þeir kallast á við megin áherslu Heilsuleiksskóla og þær áherslur sem við höfum verið með undanfarin ár t.d. útinám sem er á dagskrá einu sinni í viku á hverri deild. Í útinámi eru allir þættir menntastefnunnar áberandi. Læsi í viðum skilningi t.d. læsi á aðstæður í nánasta umhverfi, læsi í samskiptum og lestur bóka og upplýsingaskilta í umhverfinu eru aðferðir sem eru nýttar í útinámi. Börnin hreyfa sig mikið í útinámi og við það eykst matarlyst sem eykur líkur á að börn eru tilbúin að smakka margbreytilega fæðu. Sköpun, í sinni víðustu mynd, er áberandi í útinámi jafnt sem í annarri starfsemi leiksskólans og eru öll tækifæri nýtt, bæði innan sem utan dyra, við að skapa. Skapa upplifun sem hjálpar börnum við að læra af reynslunni og auka við þekkingu sína fyrir framtíðina.

Við vonumst til að starfsmannahald verði stöðugra á næsta skólaári. Búið er að gera ráðningarsamning við leiksskólakennara í 75% starfshlutfall sérkennslustjóra og einnig er búið að ráða í stöðu annars tveggja deildarstjóra á Bergvík til eins árs, þar sem töku fæðingarorlofs stendur yfir. Verið er að vinna í öðrum ráðningum þar sem breytingar verða í kringum sumarfrí leiksskólans. Kennarar eru að hætta eða breyta starfshlutfalli vegna náms. Ekki hefur staðið á að umsóknir berist til okkar um atvinnu en eins og í mörgum leiksskólum er vöntun á leiksskólakennurum. Með tækifæri á að fara í fjarnám í leiksskólakennarafræðum þá horfum við fram á fjölgun hjá okkur á næstu árum sem eru gleðilegar fréttir.

Haldið verður áfram að auka við fræðslu meðal kennara og annarra starfsmanna með því að fá til okkar fyrirlesara og námskeið sem eflir hópinn í sínu starfi. Boðið verður upp á *Skyndihjálparnámskeið* og er stefnan að það námskeið verði fastur liður í endurmenntun. Við komum til með að fá fræðslu í *Lubbi finnur málbein* þar sem markviss kennsla fer fram í málhljóðamyndun. Markmiðið er að allar deildir notist við *Lubba* og þá er verið að sjá til þess að ákveðið flæði myndist á milli deilda sem er styrkur í að við erum með áherslu á að öll börn fá kennslu með kerfisbundnum stíganda í hljóðþróun. *Hugarfrelsi* verður með námskeið fyrir stafsmannahópinn. Boðið verður upp á einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd og vellíðan. Kennarar fá tækifæri til að vinna með sig sjálfa sem aðstoðar þá við að yfirfæra aðferðina yfir á börnin. Allir munu fá tækifæri til að blómstra, frelsi til að nýta hæfileika sína sem best, frelsi til að velja hugsanir sínar sér og öðrum til gagns.

Öll fræðsla í starfsmannahópnum fer fram á skipulagsdögum leiksskólans. Þar sem þeir eru einungis sex yfir skólaárið þá þarf að nýta þessa daga vel. Fyrir utan fræðslu þá þarf að fara yfir margt annað sem ekki er hægt að gera yfir skólaárið t.d. umræða um barnahópinn og undirbúningur foreldrasamtala. Mikilvægt er að þessir dagar nýtist öllum og því þarf að vanda vel til verka því við sem erum í leiksskólum erum áhrifavaldar í lífi sérhvers barns og metnaður okkar í Grandaborg er að frá okkur fari félagslega sterkir, sjálfstæðir og umhyggjusamir einstaklingar sem eru tilbúnir að takast á við magvísleg verkefni og áskoranir.

Í verkfalli Eflingar í febrúar og fram í mars lagðist starfsemi Fjöruvíkur alfarið niður og í Klettavík til að byrja með, meðan að verkfallsreglur voru skoðaðar. Eldhúsið lagðist alveg af í verkfalli. Í Bergvík var starfsemin með skertum hætti og fengu kennarar, sem ekki voru í verkfalli, þjálfun í að skipuleggja barnahópinn fyrir næsta áfall sem var COVID-19. Í báðum þessum tilvikum þurfti að skipuleggja allt starf út frá kennara- og barnafjölda sem og út frá efnivið sem var í notkun og sóttthreinsunarferlum. Áhrif COVID-19 hafði mismunandi áhrif á börnin vegna þess að á deildum voru börn sem höfðu verið að leika sér saman ekki að hittast fyrr en samkomubanni var aflétt að hluta í byrjun maí. Inn í nýtt skólaár förum við með ákveðna reynslu í farteskinu. Við höfum einsett okkur að halda áfram að leggja áherslu á handþvott. Strax á morgnana þegar börn og kennarar mæta í skólann er byrjað á að þvo sér um hendur. Handþvottur heldur áfram eftir útiveru að morgni og fyrir matmálstíma ef verið er inni í leik. Matarborð verða sóttthreinsuð fyrir matartíma. Pappírspurrkur verða notaðar í stað handklæða mið og eldri deildum en margnota þvottastykki á yngstu deild auk pappírspurrka. Upplifun kennara af handþvotti og sóttthreinsun er að kvefpestum hefur fækkað og vonumst við til að þannig verði það næsta skólaár.



2 Innra mat deilda

2.1 Greinagerð Klettavíkur

Samverustundir gengu almennt vel í vetur. Fyrirkomulagi á þeim var breytt vegna fyrra endurmats en morgunsamveran fór í samfélagsspjall, hádegissamveran var bókastund og samvera eftir nónhressingu var söngstund. Þetta fyrirkomulag hentar mjög vel og viljum halda áfram að vinna eftir því. Þyrftum að vera duglegri að vera með skipulagðara umræðuefni á morgnanna, búa til hugmyndabanka um umræðuefni og tengja það við það sem við erum að vinna með. Einnig væri gott að minnka hópana og leyfa börnunum að taka meiri þátt í því að ákvarða umræðuefni. Við vorum með „stafastundir“ í þessari samveru líka sem gekk mjög vel. **Bókastund** í hádegi gekk mjög vel og fyrirkomulag gott. Það er mjög gott að hafa þau skipt í þessum stundum því þá er hópurinn minni og börnin njóta sín betur. Þurfum að vinna markvissara með orðin, gera þau sýnilegri og nýta hvalinn í fataklefanum betur. **Söngstundin** gekk vel, það er miklu betra að hafa þessa samveru seinnipartinn heldur en snemma á morgnanna. Gott að ná þeim aðeins saman áður en við förum út eða höldum áfram að leika.

Myndlistin gekk mjög vel í vetur. Það er mikil ánægja að hafa myndlist flæðandi. Börnin virðast vera mjög ánægð með þetta fyrirkomulag, þau vita að það er myndlist í gangi og eru yfirleitt alltaf til í að fara í myndlist. Ef þau neita þá fá þau tíma til þess að halda áfram að leika en vita að þau þurfa bráðum að fara í myndlistina en þau fá að gera það á sínum forsendum. **Hreyfingin** gekk vel, það var meira skipulag á henni í ár. Það er við unnum meira eftir heilsubókinni, þannig að börnin fengu þjálfun í þeim hreyfipáttum sem þau þurftu þjálfun í. Miklu betra að hafa eldri börnin sér í KR og yngri í leikskólanum til þess að setja ekki of mikla pressu á yngri hópinn. **Útinámið** gekk ágætlega, við unnum að stóru útinámsverkefni fyrir jól sem heppnaðist mjög vel. Náðum að tvinna það sem við gerðum úti inn í starfið á deildinni en við viljum gera enn betur í því á næsta ári.

Málörvun almennt gekk vel. Við nýttum þær stundir sem við gátum og vorum dugleg að endurtaka leiðrétt mál. Þurfum að vera duglegri að setja orð á hlutina og nýta hverja stund til málörvunar. **Skipulagðar stundir** gengur vel framan að en féllu niður eftir áramót. Við unnum með orðagull, hljóðkerfisvitundar þættina og með ljóð. Orðagull gekk ekki vel í stórum hópum og við sáum að það væri hentugra að vinna með það einstaklingsbundið og jafnvel betra að vinna með það í ipadinum. Gekk vel að vinna með hljóðkerfisvitundar þættina og við viljum setja meiri kraft í það á næsta ári. Þurfum að vera skipulagðari með ljóðin, ákveða fyrir fram hvaða ljóð á að vinna með og tengja það betur við það sem við erum að vinna með hverju sinni. **Skólaverkefni** gengu ágætlega í vetur en við sáum að það hentar ekki að hafa hópana stóra og ætlum okkur að minna hópana og skipuleggja þau betur.

Hvað **salernisferðir** varðar þá sáum við það í vetur að við erum að senda þau alltof oft á klósettið. Það þarf að gera það fyrst á haustin en síðan þarf að sleppa af þeim hendinni. Það hafa orðið miklar framfarir í handþvotti í vetur og það þarf að halda áfram að huga að því. Einnig viljum við halda því áfram að láta börnin þvo sér um hendur þegar þau koma í leikskólann á morgnanna.

Starfsfólk er mjög meðvitað um mikilvægi sjálfshjálpar við **matarborðin** og það hefur gengið mjög vel í vetur. Það þyrfti hins vegar að nýta þessa stund meira til málörvunar. Tala markvissara við börnin og hvetja þau til þess að tjá sig í þessum stundum.

Það **flæði** sem við komumst í í vetur gekk vel, börnin voru mjög ánægð og við náðum að kynnast yngri börnunum betur. Það er mjög mikilvægt að börnin þekki kennara af öðrum deildum til þess að auðvelda flutninga milli deilda. Við leyfðum yngri börnunum á Klettavík að leika við sína jafnaldra inni á Bergvík einu sinni í viku en það er eitthvað sem við viljum sjá áfram. Þannig ná börnin að halda í þau sambönd sem hafa þegar myndast sem er gott þegar þau sameinast síðan öll inni á Klettavík.

Frjálsi leikurinn gekk mjög vel í vetur. Við vorum nokkuð dugleg að fylgjast með börnunum í leik en það má alltaf gera betur. Starfsfólkið áttaði sig vel á því hvað þau læra mikið um börnin í leik og við viljum nýta leikinn betur til þess að aðstoða þau sem þurfa á hjálp að halda í félagslegum aðstæðum.



Ágætlega gekk að vinna með þemu til að byrja með. Við fórum í útinámsverkefni í haust sem tengdist þemanu „ég sjálf/ég sjálfur“. Við unnum með nærumhverfi okkar og fórum heim til hvers og eins, þjuggum til kort af vesturbænum og settum inn á það sem við skoðuðum. Við mættum vera duglegir að vinna með þemu í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur. Til dæmis í myndlist, útinámi, málörvun, sögustundum, samverustundum og söngstundum svo eitthvað sé nefnt.

Samskipti milli barna urðu betri eftir því sem leið á veturinn. Börnin urðu hæfari í að leysa úr ágreiningi sjálf. Við unnum mikið með að spjalla við börnin og kenndum þeim að setja sig í spor annarra til þess að leysa úr ágreiningi. Það sem hefði betur mátt fara var að vinna meira með tilfinningar til þess að börnin væru meðvitaðri um eigin tilfinningar og annarra.

Hvað **þátttöku barna** varðar þá fengu þau nánast alltaf að velja sér viðfangsefni til þess að leika sér með. Þegar það er ekki skipulagt starf þá fá þau stundum að ráða hvort við séum inni eða úti að leika okkur. Þau fá að velja lög til þess að syngja í söngstund, kjósa mat einu sinni í mánuði og fá oft frjalsar hendur í myndlist. Við viljum gera betur hvað þátttöku þeirra varðar eins og til dæmis að leyfa þeim að velja bækur til þess að lesa. Það er velja nokkrar bækur sem henta og börnin síðan kjósa um. Hafa fleiri „umsjónarmenn“ svo sem þjón við hvert borð, dagfinn, veðurfræðing, ávaxtabónda og skósvæin. Einnig rætt að hafa Klettavíkurráð sem fær að hafa áhrif á það sem við erum að fara að gera.

2.1.1 Umbótáætlun Klettavíkur 2020 – 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til um bóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Samfélags-spjall	Bæta færni þeirra til tjáningar. Sjálfstyrking. Að þeim líði vel í eigin skinni	Búa til hugmyndabanka um umræðuefni og tengja það við það sem við erum að vinna með. Ræða meira um tilfinningar. Vinna með félagsfærnisögur. Skipta hópnum í tvennt í þessum stundum.	Skólaárið 2020-2021	Allir deildar-starfsmenn	Í lok okt. (þá er komin smá reynsla á þetta) og síðan aftur um áramót og í maí. Með samtölum og skráningu.	Upplifun starfsmanna á því hvar hópurinn stendur. Að börnin séu með meira sjálstraust.
Þátttaka barna	Að börnin verði sjálfstæðari og finni til ábyrgðar.	Klettavíkurráð Fjögur börn funda einu sinni í viku, þar sem þau fá tækifæri til þess að fá að	Skólaárið 2020-2021	Allir deildar-starfsmenn.	Endurmeta í lok október (þá er komin smá reynsla á þetta) og svo aftur um áramót og í	Að börnin þori að segja sínar skoðanir, kunni að rökræða og að þau standi með sínu vali.



Þemu

	hafa áhrif á starf næstu viku. Börnin fái fleiri ábyrgðarhlutv. - 3 þjóðar - Dagfinnur - Veðurfræðing. - Ávaxtabóndi - Skósveinn Börnin kjósa um hvaða bók verður lesin.			maí. Með samtölum og skráningum. Jafnvel athuga hvernig börnin upplifa þessi hlutverk.	
Tengja alla vinnu við þemu vetrarins. Bækur, ljóð, umræður, útinám, myndlist og söngur.	Fara í skipulagða undirbúningsvinnu. Vera búin að ákveða hvaða bækur á að vinna með sem og ljóð. Taka þekkinguna sem börnin öðlast í útinámi og nota hana í sköpun inni á deild.	Skólaárið 2020-2021	Allir deildarstarfsmenn	Endurmeta í nóvember þegar við erum búin með þemað „ég sjálf/ur“. Lok febrúar þegar við erum búin með þemað „gamli tíminn (þjóðsögur)“ og síðan í maí þegar við erum búin að vinna með þemað „vor í Vesturbæ“. Með samtölum og skráningum.	Afrakstur vinnunnar. Hvað situr eftir hjá barninu og upplifun starfsmanna.



2.2 Greinagerð Bergvíkur (Skelja- Ölduvík)

Á deildinni voru átta starfsmenn með 31 barn, þar af einn starfsmaður sem sinnti stuðningi. Starfsmenn skiptu með sér verkefnum sem tengdust hópatímum bæði skipulagi og framkvæmd. Tveir kennarar tóku að sér að sinna myndlistarkennslu, tveir sáu um útinám, tveir sá um hreyfingu, og einn sá um ljósmyndir. Öllum starfsfólki var frjálst að koma með hugmyndir að verkefnum eða stýra hópatíma. Þetta fyrirkomulag hentaði deildinni mjög vel og var hægt að sinna þessum verkefnum vel, og hafa þau fjölbreytt og viðfangsefni við hæfi.

Mikil áhersla var lögð á að börnin hefðu meiri áhrif á starfið og meira val og gekk vel að virkja börnin í að hafa frumkvæði af nýtingu leikefnis og að verkefnum.

Á vorönn var tekin sú ákvörðun að skipta deildinni meira upp eftir aldri, áður var hópnum dreift á matarborð og í hvíld. Mikil ánægja var meðal starfsfólks með þessa breytingu og börnunum gekk vel að aðlagast breytingunni og voru mjög sátt.

Í samræmi við umbótaáætlun 2018-2019 var tekið upp flæði í kaffitímanum hjá börnunum, mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag hjá börnum og starfsfólki, einnig voru sérgreinatímar aðra hverja viku hjá hverjum hóp sem hentaði starfinu vel, og létti álagið á þá starfsmenn sem sinntu sérgreinunum.

2.2.1 Umbótaáætlun Bergvíkur 2020 – 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til um bóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Auka Tilfinninga-læsi/ Tilfinninga-færni	Að börnin þekki inn á tilfinningarnar sínar og annara og bregðist við á viðeigandi hátt.	Kennsla og umræða til að mynda bókalestur og tilfinningaspjald	Sept-maí	Deildarstjórar og starfsfólk Einn heldur utan um	Deildarfundir og skráningar	Að börnin tileinki sér orðaforða yfir tilfinningar og geti rætt það.
Eininga-kubbar	Að nýta einingakubba í vinnu með félagsfærni og sjálfseflingu	Við stefnum á að hafa einingakubba í boði reglulega, skráning og ljósmyndir	Sept til maí	Deildarstjórar og starfsfólk	Deildarfundir og skráningar, notum fundina til að skoða skráningar og myndir	Að börnin nái aukni félagsfærni, að leikur með kubba þróist og starfsfólk eflist í notkun skráninga.
Vinna meira með opinn efnivið	Að börnin kynnist hugtökum sem tengjast	Við ætlum að hafa frjálsan efnivið í boði vikulega, og	Sept til maí	Deildarstjórar og starfsfólk	Deildarfundir og farið yfir skráningar á verkefni.	Að börnin þekki og noti orð sem tengjast sjálfbærni og

	sjálfbærni og umhverfi í gegnum frjálsan efnivið	nýta orðaspjall aðferðina til að kynna orð sem tengjast sjálfbærni og umhverfi. Munum halda skráningar bæði til að sjá ný orð og þróun leiks.				umhverfi. Að börnin njóti sín í leik með opinn efnivið
Aukin áhrif barnanna á starfið Könnunar-aðferðin	Að börnin taki virkari þátt í að móta starfið og hvernig við vinnum með þemun okkar	Við ætlum að nota til þess hugarkort og halda barnafundi	Sept til maí	Deildarstjórar og starfsfólk	Deildarfundir förum yfir hugarkortin og fundargerðir barnafunda, og skoðum hvaða hugmyndir við erum búin að vinna með	Að unnið sé með hugmyndir barnanna á markvissan hátt allt árið.
Aukin markviss málörvuna með Lubba	Að börnin kynnist íslensku máhljóðunum á markvissan hátt	Reglulegar vikulegar Lubbastundir	Sept til maí	Deildarstjórar og starfsfólk	Deildarfundir og skipulagsdag.	Að börnin eflist í málþroska og framburði.
Myndrænt dagskipulag	Að nota markvisst myndrænt dagskipulag í starfinu	Við munum útbúa myndrænt dagskipulag fyrir deildina og fyrir einstaklinga. Við munum efla skráningar til að skoða til dæmis hvaða áhrif þetta hefur á hegðun.	Sept til des	Deildarstjórar og starfsfólk	Deildarfundir og starfsdagar þar sem farið er yfir myndrænt skipulag og skráningar, og metið hversu vel hefur tekist til.	Að börnin og starfsfólk verði örugg með að nota myndrænt dagskipulag, og við sjáum jákvæðar breytingar á hegðun og líðan

2.3 Greinagerð Fjöruvíkur

Í vetur voru 20 börn fædd 2017 og 2018 á Fjöruvík, fimm börn sem voru fyrir og 15 ný byrjuðu. Við vorum með þátttökuaðlögun í byrjun skólaárs, aðlögun dróst á langinn og síðasta barn í aðlögun byrjaði í nóvember.

Á deildinni eru skráðir sjö kennarar þar af einn sem sinnir stuðningi, haustið einkenndist af faliðunni og það gerði okkur erfitt fyrir að fylgja starfsáætluninni eftir

Aðlögun á milli deilda gekk mjög vel, kennari fylgdi börnunum eftir í ferlinu, þau gerðu bók um nýju deildina með myndum þaðan og af kennurunum, þau tóku bókina með sér heim og þar sköpuðust jákvæðar umræður, í lok aðlögunar tóku börnin þátt í að flytja körfurnar sínar í nýtt hól.

Í samverustund f.h. skiptist barnahópurinn í þrjá aldursskipta hópa, samverustundir eru fjölbreyttar það er lesið og sagan rifjuð upp með börnunum, sungið, rímað, farið með þulur, gerðar kjarkæfingar o.fl. Á mánudögum kom eitt barn úr hverjum hóp með bók að heiman „bókaormur vikunnar“ barnið fékk að sýna bókina og segja frá ef það vildi. Bókaormarnir voru mjög stoltir þegar þau mættu með bókina sína og sýndu hinum börnunum

Við sjáum tækifæri til umbóta í samverustund, með því að byrja fyrr og að öll börn fái eina markvissa málörvunarstund í viku með kennara vegna þess að þá mun sérkennslustjóri koma inn á deildina á hverjum degi og leggja málþroska mat fyrir börnin einu sinni á skólaárinu.

Leikurinn fær gott rými í dagskipulaginu, kennarar sitja með börnunum í leik, í vetur hafa börnin æft sig í félagslegum samskiptum, að skiptast á, virða sín mörk og annara. Við sjáum að reynsluheimur barnsins endurspeglast í leiknum og að mikil þróun hefur átt sér stað.

Fyrir nónhressingu er „Lubba stund“ þá hlusta börnin og æfa sig í málhljóðum, við notum málhljóðin mikið yfir daginn, t.d. í fataklefa og við matarborð. Í vikulegum pósti til foreldra var málhljóð vikunnar kynnt, ásamt söngtextum mánaðarins. Börnin fara í samverustund eftir nónhressingu og þá er oft málörvun í einhverri mynd, t.d. spilað, farið með þulur, rím, lesið og spjallað.

Í matartímum höfum við lagt áherslu á að börnin æfi sig í sjálfshjálpar, nota hnífapör, hella í glasið sitt, smyrja brauðið, ganga frá eftir sig á vagninn eftir matmálstíma, ef það er afgangur á disk þá henda þau í afgangi fötu, við ræðum einnig matarsóun. Eldri börnin byrjuðu að æfa sig í haust, eftir áramót bættust yngri börnin við.

Styrkleikar: börnin eru áhugasöm og fljót að tileinka sér þessa færni. Kunna til verka þegar þau byrja á Bergvík

Í fataherbergi er mikil hvatning til sjálfshjálpar, börnin eru öll farin að æfa sig og þurfa mismikla aðstoð og hvatningu. Elstu börnin eru nánast fullfær um að klæða sig sjálf en biðja um aðstoð ef þau þurfa.

Eftir hvíldina er róleg stund og oft velja börnin að púsla og eru mörg orðin mjög dugleg og örugg.

Sérgreinar eiga sinn sess í dagskipulaginu, þær skiptast í hreyfingu, myndlist og útinám, fastur kennari er með hverri sérgrein. Skipulagið var að börnin færu í hverja sérgrein einu sinni í viku, en vegna faliðunnar gekk það ekki alltaf. Skráningar sérgreina eru sýnilegar í fataklefa fyrir börnin og foreldra þeirra.

Lýðræðislegt val var fyrir börnin um skapandi verkefni í myndlist, eitt barn úr hverjum hóp fékk að velja verkefni fyrir sinn hóp (það var gert viku áður)

Einnig kusu börnin um hvað væri í matinn á afmælisdegi mánaðarins

Þar sem Grandaborg er leikskóli á heilsubraut þá skræðum við í heilsubók barnsins í nóvember ætlunin var að gera það aftur á vorönn en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu gafst ekki tími til þess.

Við miðlum til foreldra með tölvupósti einu sinni í viku (föstudagspóstur) og með Instagram. Við erum í góðum samskiptum við foreldra og hringjum ef við eða þau hafa spurningar.

2.3.1 Umbótaáætlun Fjöruvíkur 2020 – 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til um bóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Samverustund	Auka við orðaforða og hljóðkerfisvitund.	Innleiða orðaspjallsaðferðina Fara á námskeið fyrir kennara um “Lubbi finnur málbein“, Sérstök, málörvunarstund fyrir börnin einu sinni í viku(ýmsir leikir rím og fleira)	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri, sérkennari ásamt kennara sem sér um málörvun	Umræður á deildarfundum vorönn 2021	Leggjum fyrir börnin málþroskamat, Orðaspjallsaðferðin og Lubbi finnur málbein verður hluti af daglegu starfi deildarinnar. Auka félagsfærni og sjálfstyrkingu barnanna og virða mörk sín og annarra. Börnin fá mál
Útinám/Ferðir utan leikskólans	Auka læsi í víðum skilningi, heilbrigði og sköpun, með markvissu útinámi upplifun barnanna Sýna samkennd, útvíkka sjóndeildar hringinn Myndlist hreyfing	Fara í fámennari hóp í útinám, fara í lengri gönguferðir, Auka víðsýni í barnahópnum og ígrunda fræðslu um viðfangsefnið. Umræða fyrir og eftir ferðir um upplifun barnanna	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri og útinámskennari	Umræður á deildarfundum á vorönn 2021	Að börnin öðlist meira þrek og þor, að þau öðlist skilning á náttúrunni (hvað á heima í náttúrunni og hvað ekki) Kynnist nánasta umhverfi leikskólans, og fái tilfinningu fyrir náttúrulegum og skapandi efnivið, að þau geti lesið helstu merkingar og form í umhverfinu t.d. skilti, gangbraut(ar)-ljós,



Þemavinna	Markmiðið er að vinna ítarlegar með þemavinnuna, að börnin verði meira þátttakendur í hvernig við vinnum með hvert þema og þá sérstaklega eftir áramót (þegar þau eru orðin aðeins eldri)	Einn kennari mun halda utanum skipulagningu t.d. finnur til sönglög, bækur og fleira sem tengist þemanu. Setja upp hugmyndabanka, og gera hugarkort með börnunum	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri og ábyrgðaraðili þemavinnu,	Umræður á deildarfundum	Með ábyrgðaraðila verður þemavinnan markvissari, hugmyndabankinn mun nýtast áfram, börnin verða meiri þátttakendur í verkefnum
Auka félagsfærni, sjálfstæði og sjálfstyrkingu meðal barna	Markmiðið að börnin geti staðið með sjálfum sér og virði mörk sín og annarra. Að þau eigi frumkvæði í leik og starfi. Að auka félagsfærni og sjálfstæði meðal barna. Auka lýðræði þannig að barnið finni að það hafi áhrif á sitt daglega líf í leikskólanum.	Lesi félagsfærni.sögur og framkvæma kjarkæfingar í samverustund, þjálfun í að tjá tilfinningar, og t.d. koma með hlut að heiman og segja frá. Ómæld hvatning frá kennurum „Þú getur“ Setja upp myndrænt skipulag á vorönn,	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri og kennarar deildarinnar	Deildarstjóri, umræður á deildarfundum	Að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og meðvituð um að þau hafa rödd sem hlustað er á. Eigi frumkvæði. Segja stopp þegar við á, og sýni náunganum samkennd. Að á vorönn verði þau orðin nokkuð sjálfbjarga í fataklefa

2.4 Greinagerð um sérkennslu / stuðning

Aðstoðarleikskólastjóri sinnti starfi sérkennslustjóra síðastliðinn vetur.

2 börn nutu sérkennslu/ stuðning í vetur. Sú vinna var í höndum stuðningsaðila á deildum í samvinnu við sérkennsluráðgjafa og sérkennslustjóra. Við gerð einstaklingsnámskrár hefur verið notast við Pecs tjánigakerfi og atferlishjálfun ásamt **AEPS (færnimiðað matskerfi)**.

Allir starfsmenn hússins fengu fræðslu um Dravet heilkenni og þær ráðstafanir sem þarf að hafa í huga gagnvart því.

Önnur 2 börn hlutu úthlutun „aukið fjármagn“ vegna íhlutunar og námskrágerðar út frá AEPS matskerfi.

Auk sérkennsluráðgjafar höfum við nýtt þjónustu frá hegðunarráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingum.

Teymisfundir með foreldrum hafa verið haldnir reglulega í samráði við sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafar og sálfræðings þjónustumiðstöðvar. Þeir fundir hafa einnig verið nýttir til fræðslu og ráðgjafar um viðkomandi börn.

Málörvun og snemmtæk íhlutun fór fram á öllum deildum. Á yngri deildum var markviss hlustun á „Lubbi finnur málbein“. Efi - 2 athugun var tekin á öllum 3ja og 4ra ára börnunum. Öll elstu börnin fóru í Hljóm2 skimunarpróf og þær niðurstöður voru kynntar foreldrum.

Ígrundun hófst á málörvun út frá stöðu barnanna.

Út frá niðurstöpum úr EFI-2 var notast við æfingakerfið „Lærum og leikum með hljóðin“ fyrir börn miðdeildar ásamt „Orðagull“.

Börn á eldri deildum fengu verkefni úr „Orðagull“.og almenn borðspil til málörvunar.

Starfsmenn fengu fræðslu um málörvunarverkefni úr „Tölum saman“ og Orðagull. Þar kom fram mikilvægi snemmtækra íhlutunar, hvað hún er mikilvæg og hvað verkefnin geta verið fjölbreytt og skemmtileg fyrir öll börn. Lagt var áhersla á að málörvun fari fram í daglegu starfi með öllum börnum. Farið var yfir áherslupætti á bókalestri og um mikilvægi þátttöku starfsmanna í leik barnanna. Þá kviknaði hugmyndir að verkefnum, leikefni og spilum til viðbótar því safni málörvunarverkefna sem hófs síðast vetur. Eru þau aðgengileg fyrir alla starfsmenn.

Tillaga var að einn starfsmaður væri ábyrgur fyrir skipulagi á málörvunarverkefnum fyrir deildina í samráði við sérkennslustjóra.

Þessi verkefni yrðu notuð í litlum samverustundum/sögustundum í lok Nónhressingar sem og í öðrum stundum. Hugmyndin gekk ekki upp á öll deildum m.a. vegna breytinga á skipulagi Nónhressingar.

Auk Heilsubók barnsins er fyrirhugað að nota „Gátlista talmeinafræðinga Reykjavíkurborgar“ á öllum deildum til viðmiðunar í málþroska barna. Einnig verður stuðst við lista úr „Snemmtækri íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna“ og „Orðaforðalista Menntamálastofnunar“

Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Starf sérkennslustjóra síðasta vetur einkenndist af umsýslu í tilvísunum og gerð þroskalista í samráði við deildastjóra/starfsmenn. Aukning var á þeim miðað við síðasta vetur. Nokkuð var um íhlutanir hjá börnum með málþroskafrávik eftir niðurstöður úr Hljóm og Efi matskerfum.

Aukið var við þjónustu barna sem þurftu á málþroskamati að halda. Umsóknir með upplýsingum og niðurstöðum úr skimunum var sent inn til talmeinafræðinga þjónustumiðstöðvar. Skilafundir voru með foreldrum og starfsmönnum. Einnig var mikil áhersla lögð á málörvun fyrir öll börn.

Vegna verkfalls og covid faraldurs voru fá börn í skólanum og var sá tími nýttur í að útbúa kennslugögn m.a. í málörvun.



Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1 börn	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1 barn	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	2 börn	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	nei	Er langt á veg komin
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir þjónustumiðstöð VMH, Greiningarstöðin, Æfingastöðin, talmeinafræðingar á stofu
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	

Niðurstöður innra mats

Mikið áhersla hefur verið lögð á:
málörvun fyrir öll börn.

Samráð og upplýsingar til starfsmanna um mikilvægi málnotkunar í daglegu starfi
skipulag á aðgengilegum málörvunarverkefnum fyrir öll börn sem allir starfsmenn geti nýtt sér.
AEPS færniviðmið í sett inn í daglegt starf.



2.4.1 Umbótaáætlun sérkennslu / stuðnings 2020 - 2021

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Rými fyrir skipulagða samráðsfundi með deildarstjórum um börn og málefni viðkomandi deilda.	Markvissari verkefni miðað við þarfir /stöðu barnanna	Ákveðnir fundatímar í hverri viku. Deildir skipta með sér þeim tímum (u.þ.b. ein deild í mán)	Allan veturinn (sept – maí)	Sérkennslustjóri og deildastjórar	Endurmat á miðjum vetri á fundum	Skráningar í AEPS matskerfi Hljóm-2 fyrir elstu börnin og EFI-2 fyrir 3-4 ára ásamt Heilsubók barnisns
Áhersla á aldursvarandi kröfur /markmið til barna í öllum þroskapáttum úr Heilsubók AEPS – færni , snemmtækri íhlutun yngstu barna, EFI og Hljóm	Að geta greint stöðu barna fyrir	6 vikna áætlun með Markvissum málörvunarstun dum	Allan veturinn (sept-maí)	Sérkennslustjóri, deildastjóri og umsjónamanni deildarinnar	Endurmat á samráðsfundu m í hverjum mánuði	Með skráningur er fylgst með framgangi

2.5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Að börnum verði skipt í hópa eftir getu og fái einstaklingstíma á hverjum degi **að gefa 10**

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Samskiptaboðorðin höfð að leiðarljósi: Horfa – Heilsa – Hlusta – Hljóma – Hrósa – Hjálpa
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Í öllu daglegu starfi
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	skipulagðar stundir m.a. með „Lærum og leikum með hljóðin“ og Orðaspjall aðferðinni
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Með skráningu eftir verkefnavinnu
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun		Börnum er skipt í smáa hópa. Þar eru mismunandi verkefni unnin yfir vikuna úr þáttum málörvunar. Starfsmenn séu virkir þátttakendur í leik barnanna.



2.5.1 Umbótaáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku 2020 – 2021

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Markvisst Skipulag á litlum samverum og skrá framvindu verkefna	Að öll börn fái viðbót í orðaforða .	Starfsmenn verði meiri þátttakendur í leik barnanna	Allur veturinn (sept – maí)	allir starfsmenn í samvinnu við sérkennslu- stjóra og leikskólakenn.	Endurmat á 6 mán. fresti (vor og haust)	Sem viðmið verður notast við Orðalista menntamála stofnunar og gátlista talmeinafræðinga



3 Ytra mat

Ytra mat skólaársins 2019 – 2020 var í formi kannana í starfsmannahópnum annars vegar og hins vegar í foreldrahópnum. Báðar kannanirnar voru framkvæmdar rafrænt og birtast þær stjórnendum í Qliksense.reykjavík.is

Niðurstaða í starfsmannakönnun var framkvæmd á sérstökum tíma í samfélaginu og var þátttaka ekki nægilega góð. Niðurstaðan er aðeins lakari en fyrra ár og hana ber að skoða vel þegar haldið er inn í nýtt skólaár. Til að mynda eru of margir sem hafa orðið fyrir áreiti samstarfsfólks síns og innan stjórnendateymisins verður farið í vinnu hvernig við getum spornað gegn þess lags athöfn.

Sjá fylgiskjal 8.2

Niðurstaða úr foreldrakönnun var betri og jákvæðari. Tæplega 70% svörun var meðal foreldra sem er afar jákvætt vegna þess að álit foreldra skiptir miklu máli gagnvart því starfi sem verið er að sinna í leikskólum. Jákvæð niðurstaða getur sagt til um traust foreldra til leikskólans ekki síður en um viðhorf til skólans. Við setjum okkur markmið að halda áfram á þeirri braut að vera í góðu samstarfi við foreldra. Vegna þess að þau eru sérfræðingar gagnvart sínu barni og leikskólinn er góð viðbót við að byggja upp félagslega sterka, sjálfstæða og jákvæða einstaklinga með góða sjálfsmynd.

Sjá fylgiskjal 8.3

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eða starfsmannasamtöl eiga sér stað að jafnaði í febrúar og mars. Vegna verkfalls Eflingar og COVID-19 varð misbrestur á að allir kennarar fengju skipulagt samtal. Mikil umræða á sér þó stað milli stjórnenda og starfsmanna í daglegu starfi en markvisst samtal er þó mikilvægt. Til umræðu hefur komið að dreifa samtölunum yfir skólaárið og gefa þá öllum tækifæri á örsamtölum með ákveðnu efni til að ræða hverju sinni. Skólastjóri fór á stutt námskeið tengt örsamtölum og leggst það form vel í viðkomandi.

Fræðsla sem hefur nýst kennurum og starfsfólki var með margvíslegu móti, eins og kemur fram í greinargerð leikskólastjóra. Næsta skólaár verður áhersla á fræðslu tengdri nýrri menntastefnu en annars konar fræðsla og námskeið sem eru einstaklingsbundin koma ekki í ljós fyrr en líður á skólaárið.

Yfirlit yfir endurmenntun og fræðslu kennara og starfsmanna 2019 – 2020

Sjá fylgiskjali 8.4



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna milli leik- og grunnskóla var með öðrum hætti þetta skólaár en önnur undanfarin ár. Ekki var mikið um heimsóknir og gagnkvæmar heimsóknir að vori dattu að mestu leyti niður.

Næsta skólaár verður líklega með svipuðu sniði og undanfarin ár en ekki hefur tekist að búa til skipulag með nákvæmum dagsetningum þar sem skipuleggjendur í Grandaskóla finnst það vera óframkvæmanlegt. Formið hefur verið eftirfarandi;

- September; 1. bekkingarnir koma í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnum færi á að spyrja um hvernig það er að byrja í grunnskóla.
- Nóvember; Grandaborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla.
- Desember; Grandaskóli býður á leiksýningu.
- Febrúar; Grandaborgarbörn fara í heimsókn í skólastofur og fá að skoða frístundaheimilið Undraland.
- Mars; heimsókn í tónmenntatíma þar sem er sungið og spilað.
- Maí; heimsókn Grandaborgarbarna með foreldrum með nesti.

Samstarf milli leikskóla sem eiga Grandaskóla sem heimaskóla hefur verið að þróast í kjölfar þróunarverkefnisins „Læsi í leiðinni“. Við komum til með að halda því áfram næsta skólaár. Samstarfið felst aðallega í að

6 Foreldrasamvinna

Eins og fyrri ár þá fer foreldrasamvinnan fyrst og fremst fram á hverri deild fyrir sig. Foreldrar hafa tök á daglegum samskiptum við deildarstjóra og kennara þegar komið er með börnin og þau sótt. Foreldrafundir eða kynningarfundir eru haldnir að hausti, yfirleitt í október, fyrir hverja deild og verður það form áfram þetta skólaár.

Foreldrasamtöl hafa verið með þeim hætti að þau fara fram í afmælsmánuði hvers barns. Ábending kom frá foreldri að með því formi getur liðið langur tími að formlegt samtal eigi sér stað ef samtal er einu sinni á ári. Þess vegna stendur til að breyta formi næsta skólaár og verða samtölin haldin tvisvar á ári, annars vegar í október og hins vegar í mars/apríl. Komum við til með að bjóða upp samtöl í leikskólanum, í gegnum síma eða í gegnum fjarfundabúnað.

Sá hópur sem fer fyrir foreldrafélagsi leikskólans er valinn á kynningarfundum á hverju hausti. Foreldrafélag sér um fasta liði í samvinnu við leikskólann, til að mynda hafa foreldrar greitt fyrir ýmsa viðburði sem koma til okkar í leikskólann, eins og í kringum jól og sumarhátíð, að ógleymdri hestaheimsókn Krakkahesta í apríl.

Kosið var í nýtt foreldraráð á sama tíma og fulltrúa í foreldrafélagi. Ráðið er skipað einum fulltrúa frá hverri deild. Í ár var ráðið með virkara móti en mörg önnur ár. Búið var að setja inn tvo fasta fundi, annan í nóvember og hinn í apríl. Fundirnir stóðust þrátt fyrir undarlegt ástand og var seinni fundurinn haldinn í gegnum fjarfundabúnað, vegna ástands í samfélaginu og gekk hann vel að mati fundarmanna. Fundir koma til með að vera áfram með föstu formi þ.e.a.s. annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl og oftast ef þurfa þykir.

Móttaka og samskipti við erlendra foreldra er ekki með öðrum hætti en annarra foreldra fyrir utan að upplýsingar til þeirra eru sendar með enskum texta. Þeim er boðið upp á túlkaþjónustu í samtölum og þegar aðlögun stendur yfir og barnið hefur enga íslensku þá eru túlkar fengnir til að vera með barinun í nokkra daga. Er það gert eftir að foreldrið hætir að vera með barninu. Við komum til með að halda þessu formi áfram og erum að vinna í því að útbúa upplýsingabæklinga og eyðublöð með enskum texta.

7 Skipulagsdagar, leikskóladagatal, viðburðir

Skipulagsdagar næsta skólaár verða sjö í stað sex eins og verið hefur undanfarin ár. Kemur það til vegna þess að í vor þá var skipulagsdegi sem halda átti í apríl sleppt vegna ástands í samfélaginu. Samkvæmt leikskóladagatali verða þrír dagar fram að áramótum, einn dagur strax í byrjun árs og síðan þrír þegar líður á vorið. Skipulagsdagar hafa verið og eru nýttir til sí- og endurmenntunar fyrir kennara. Í ár verður fræðsla með margvíslegu móti en fyrst og fremst þá er markmið fræðslunnar að styrkja kennara- og starfmannahópinn þannig að hann verði sem öflugur hópur í vinnu með börnunum. Við teljum mikilvægt að víkka sjónadeildarhring kennara og annarra starfsmanna og þess vegna er fyrirhugað að fara í námsferð að vori. Vegna stöðunnar í samfélaginu þá höfum við ekki ákveðið hvort sú ferð verður farin innan- eða utanlands en mun það koma í ljós þegar líður á skólaárið.

24. ágúst 2020	Skyndihjálp og undirbúningur fyrir næsta skólaár
21. september 2020	Lubbanámskeið og undirbúningur fyrir foreldrasamtöl
27. október 2020	Sameiginlegur dagur með Gull- og Ægisborg v. nýrrar menntastefnu
4. janúar 2021	Námskeið frá Hugarfrelsi, endurmat og undirbúningur fyrir foreldrasamtöl.
23. apríl 2021	Námsferð kennara?
12. maí 2021	Menntastefna SFS.
4. júní 2021	Endurmat og fræðsla í öðru sveitarfélagi.

Leikskóladagatal hefur verið í frekar föstu formi milli skólaára og þannig verður það áfram næsta skólaár. Leikskóladagatalið er ekki tæmandi og við áskilum okkur rétt til að gera breytingar á því ef þannig ber undir, til að mynda breytingar á afmælisföstudögum,

Sjá fylgiskjal 8.5

Viðburðir á síðasta skólaári voru aðeins færri en fyrri skólár vegna ástands í samfélaginu eftir áramót. Allir viðburðir sem tengjast leikskólanum bæði innan hans og utan eru skráðir og þegar við skoðum hvert ár fyrir sig þá kemur í ljós að boðið er upp á mikla tilbreytingu í Grandaborg sem gerir marga daga áhugaverðari en annars.

Sjá fylgiskjal 8.6



8 Fylgigögn

- 8.1 Umsögn foreldraráðs
- 8.2 Starfsmannakönnun
- 8.3 Foreldrakönnun
- 8.4 Yfirlit endurmenntunar og fræðslu
- 8.5 Leikskóladagatal
- 8.6 Viðburðadagatal

F. h. leikskólans Grandaborgar

Helena Jónsdóttir

3. júlí 2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2020 – 2021

Grandaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ása Kristín Eiríksdóttir fyrir Fjöruvík

Helga Jóna Eiríksdóttir fyrir Bergvík (Skelja- Ölduvík)

Sigrún Heiða Sveinsdóttir fyrir Klettavík



Foreldraráð hefur engar athugasemdir við starfsáætlun fyrir árið 2020-2021. Unnið er mikið og faglegt starf á leikskólanum Grandaborg og er mikill metnaður lagður í skipulagt starf með börnunum sem og að skapa þeim nærandi og öruggt umhverfi. Foreldraráð fagnar því að áfram verði unnið með þrif og hreinlæti barna og sér í lagi þar sem það hefur sýnt sig að það dregur úr umgangspestum yfir veturinn. Á liðnu starfsári höfum við öll staðið frammi fyrir miklum áskorunum í daglegu lífi vegna verkfalla og COVID-19. Slíkar raskanir hafa mikil áhrif á líðan barnanna okkar og teljum við að starfsmenn leikskólans hafi unnið vel úr þeim áskorunum sem ástandið skapaði. Börnin voru glöð að fá að koma aftur þegar samkomubanni var aflétt og er það besti mælikvarðinn á líðan barnanna. Foreldraráð er sérstakleg ánægt með þá stefnu að unnið sé með tilfinningargreind barnanna og kapp lagt á að skila sterkum og sjálfstæðum einstaklingum út í lífið sem geti staðið með sjálfum sér og öðrum.

Ása Kristín Einarsdóttir
Helga Jóna Eiríksdóttir
Sigrún Heiða Sveinsdóttir





Barninu líður vel í leikskólanum

4,84^{4,60}
heild

Fjöldi svara
45

Meðalheildarskor allra spurninga

Heildaránægja mæld með meðalskori allra spurninga

Tel barnið mitt vera öruggt

4,72^{4,58}
heild

Svarhlutfall
69,2%

Vingjarnlegt andrúmsloft

4,76^{4,56}
heild

Skólanum er vel stjórnað

4,67^{4,38}
heild

Heildaránægja með leikskóla

4,77^{4,54}
heild

Niðurstöður eiga við

Leikskóli: Grandaborg


Aldursflokkur: Allir aldursflokkar

Spurning: Allar spurningar

Kyn barns: Bæði kyn


Tungumál: Öll tungumál

Samanburður: Reykjavík heild



Meðalskor spurninga eftir aldursflokk

Allar spurningar



Hæfir og áhugasamir starfsmenn

4,35^{4,20}
Könnun 2019

Árangursríkir stjórnunarhættir

4,35^{4,29}
Könnun 2019


Starfsánægja

4,50^{4,66}
Könnun 2019

Hvetjandi og jákvætt starfsumhv...

4,18^{4,32}
Könnun 2019

Meðalskor þátta og breyting á milli ára



Meðalskor allra þátta

4,26^{4,31}
Könnun 2019

Niðurstöður eiga við:

Ár: 2020
Svið: Skóla- og frístundasvið
Vinnustaður: Grandaborg
Þáttur: Allir almennir þættir
Spurning:
Valinn samanburður: Fyrri könnun

Einelti frá samstarfsfólki

0,0%^{0,0%}
Könnun 2019

Áreitni frá samstarfsfólki

11,1%^{0,0%}
Könnun 2019

Starfsþróunarsamtal

22,2%⁻
Könnun 2019

Fylgiskjal 8.4

Sí- og endurmenntun starfsmanna Grandaborgar 2019 - 2020

Júní	6. júní.					
	Svava og Eva með kynningu á Barnasáttmálanum eftir fund sem þær fóru á sem fulltrúar leikskólans.					

Júlí						
-------------	--	--	--	--	--	--

Ágúst	22. ágúst.					
	Skipulagsdagur. Heimsókn í Tjarnarsel í Reykjanesbæ. Kynntum okkur „ Orðaspjallsaðferð “ og fengum smjörþef af skipulag á garði gagnvart útinámi.					

September	2. og 3. september	9.-13. september.	16. september.	18. september.	20. september.	25. september.
	Ragga og Karen á PMTO námskeið fyrir kennara.	Karen og Sara í staðlotu vegna fjarnáms í leikskólakennarafræðum.	Sara á námskeið hjá „ Hugarfrelsi “	Fyrsti dagur hjá Guðbjörgu Maríu á námskeið hjá MML fyrir yngstu börn leikskólans. Fer einu sinni í viku í fjórar vikur.	Skipulagsdagur. Fyrir hádegi; kynning Söru Tosti á „ <i>Orðagull</i> “ og „ <i>Tölum saman</i> “. Deildarfundir í kjölfarið. Eftir hádegi sameiginlegur dagur með Gullborg og Ægisborg vegna vinnu í <i>nýrri menntastefnu með áherslu á sjálfseflingu.</i> Kynning frá KVAN.	Annar dagur hjá Guðbjörgu Maríu á námskeið hjá MML fyrir yngstu börn leikskólans. Karen og Sara á námskeið; <i>málþroski, frávík og afleiðingar og úrræði.</i>
Október	11. október.	15. október.	16. október.			
	Helgi og Sara á útinámsráðstefnu í Hveragerði á vegum „ Leikur að læra “	Guðbjörg María og Ásta Magg á Peeks námskeið	Starfsmannafundur Kynning á PMTO, KVAN og Útinámsráðstefnu.			
Nóvember	1. nóvember.	4. nóvember.	5. nóvember.	15. nóvember.	19. nóvember.	
	Ragga og Karen á PMTO námskeið	Skipulagsdagur - áframhaldandi vinna með KVAN. Vanda Sigurgeirsd. kom með fyrirlestur og verkefni tengd félagsfærni.	Lára á MML námskeið fyrir leikskólfólk.	Jólagleði hjá starfsmannahóp. Borðuðum á „Sæta svíninu“	Helena á fjármálanámskeið í sambandi við Forystunám	
	Helena á Stjórnendadag					

Desember						
Janúar	6. janúar.	13.-17. janúar	22. janúar.			
	Skipulagsdagur Þriðji dagur með KVAN. Vanda Sigurgeirsd. kom og kynnti verkfæri fyrir kennara til að vinna með sjálfseflingu .	Karen og Sara í staðlotu vegna fjarnáms í leikskólakennarafræðum .	Ásta Magg á framhaldsnámskeið vegna Peecks			
Febrúar	24. febrúar .	24.feb. - 20.mars.				
	Helena á stutt námskeið um „ Snerpusamtöl “	Sara í vettvangsnám .				
Mars	2.-13.mars.	16. mars.				
	Karen í vettvangsnám	Skipulagsdagur vegna COVID-19				
Apríl						
Maí	29. maí.					
	Skipulagsdagur ; Lögð áhersla á endurmat skólaársins og starfsáætlun fyrir skólárið 2020 - 2021					

Viðburðadagatal Grandaborgar 2019 - 2020

Júní

12. júní.	13. júní.	14. júní.	18. júní.	19. júní.
Allar deildir fóru á Brúðubílinn við Vesturbæjarsundl.	Sumarhátíð Grandaborgar í samvinnu við foreldrafélagið	Afmælisdagur mánaðarins; fánalitir.	Árgangur 2013 í útskriftarferð	Elsti árgangur Bergvíkur á Þjóðminjasafnið.
20. júní.				
Klettavíkin heimsótti Hvalasafnið				

Júlí

1. júlí.	9. júlí.
Klettavíkin í Nauthólsvík allan daginn.	Gleðidagur í Grandaborg - síðasti dagur fyrir sumarfrí. Pöntuð pizza í hádegismat.

Ágúst

16. ágúst.
Afmælisföstudagur; Regnboginn

September

13. september.	24. september.	27. september.
Afmælisföstudagur; brúnn - haustlitir	Árgangur 2014 í Grasagarðinn	Flæði milli Klettavíkur og Bergvíkur fyrir háð.

Október

1. október.	2. október.	3. október.	16. október.	21. október.
Klettavík með foreldrakynningu í sal kl. 10:00	Bergvík með foreldrakynningu í sal kl. 10:00	Fjöruvík með foreldrakynningu í sal kl. 10:00	Árgangur 2014 í Þjóðleikhúsið	Árgangur 2015 á Bergvík á Bókasafnið

Nóvember

16. nóvember.	25.-29. nóvember.	27. nóvember.
„Dagur íslenskrar tungu“ Kennarar leika fyrir börnin leikritið Búkolla	Piparkökubakstur á deildum.	Árgangur 2014 heimsækir Gullborg - samstarf

Desember

3. desember.	4. desember.	5. desember.	9. desember.	11. desember.
„Jól í tösku“ sýning í boði foreldrafélagsins.	Klettavík í Grasagarðinn .	Jólaverkstæði í leikskólanum á öllum deildum kl. 14:30-16:00. Aðstandendum barna boðið að vera með.	Hluti barna af Bergvík í bæjarferð að skoða jólaljósín.	Jólaball í boði foreldrafélagsins. Jólamatúr í hádeggi.
13. desember.	16. desember.	17. desember.	18. desember.	
Afmælisföstudagur - þemað var rauður.	Sóla og Æringi komu og heimsóttu árgang 2014 og 2015	Skólahljómsveit Vesturbæjar kom og spilaði nokkur lög í sal.	Klettavík á jólasögustund í Grófarbókasafni.	
	Seinni hluti barna af Bergvík í bæjarferð			

Janúar

24. janúar.	
Karlamorgunverður í tilefni Bóndadags sem er fyrsti dagur þorra. Þorablót í hádeginu.	
Febrúar	
6. - 28. febrúar	17. febrúar.
Marilou sem er franskur nemi var hjá okkur á vegum Erasmus	Ótímabundið verkfall hjá félagsmönnum í Eflingu. Mismunandi áhrif á deildir.

Mars

10.mars.	17. mars.
Ótímabundnu verkfalli lokið og eðlileg starfsemi í leikskólanum.	COVID-19 hefur áhrif á starfsemi leikskólans. Samkomubann tekur gildi.

Apríl

2. apríl.
Innritun barna fyrir skólaárið 2020-2021. Hver skóli á sínum stað vegna COVID-19.

Maí

4. maí.	15. maí.	26. maí.
Samkomubanni í leikskólanum aflétt. Eðlileg starfsemi fer af stað en áframhaldandi tillit til fjölda og fjarlægðar milli kennara.	Afmælisföstudagur - fagnað afmæli febrúar, mars, apríl og maí barna. Þemað var dót og búningar / furðuföt.	Hestaheimsókn Krakkahesta í boði foreldrafélagsins.